

Fundargerð 57. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2020, fimmtudaginn 26. mars kl. 11:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Fannar Jónasson og Liv Aase Skarstad.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Allir fundarmenn tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Áhættumat Hafrannsóknarstofnunar 2020 vegna fiskeldis - 2003001SU

Lagt fyrir stjórn nýtt áhættumat vegna fiskeldis sem Hafrannsóknarstofnun gaf út þann 19. mars 2020.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga hafa markað sér stefnu í fiskeldi með það að leiðarljósi að það njóti alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir sjálfbærni og metnað í matvælaframleiðslu. Meðal þeirra markmiða sem stefnt er að er að styrkja byggðamynstur með þeirri viðspyrnu sem sjálfbært fiskeldi veitir í atvinnu- og efnahagslífi dreifðra byggða. Hafrannsóknarstofnun kynnti nýlega uppfært áhættumat á erfðablöndun. Stofnunin leggur til aukningu frá fyrra mati. Hámarkslífmassi á Vestfjörðum verður samkvæmt ráðgjöfinni 64.500 tonn. Á Austfjörðum er lagt til að hámarkslífmassi verði 42.000 tonn. Aukningin miðað við nýtt áhættumat er 20% samkvæmt útreikningum Hafrannsóknarstofnunar.

Engum dylst þau miklu efnahagslegu áhrif sem fiskeldi hefur haft á sunnanverðum Vestfjörðum og Austfjörðum. Mikilvægt er að leyfisveitingar og umsóknarferli sé skilvirkt og gagnsætt og byggji á bestu fánlegu upplýsingum. Í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi í efnahagslífi þjóðarinnar leggur stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga mikla áherslu á að ríkisvaldið og stofnanir þess geri allt sem í þeirra valdi stendur til að jákvæðra áhrifa uppfærðs áhættumats fari að gæta sem fyrst. Með því móti gefst einstakt tækifæri til að framfylgja stefnumótandi byggðaáætlun um fjölgun atvinnutækifæra og styrkja enn frekar jákvæð áhrif atvinnugreinarinnar á þjóðarframleiðslu og styðja við sjálfbæra byggðaþróun á landsbyggðinni.

Fundi var slitið kl. 11:25

Gauti Jóhannesson

Baldur Smári Einarsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Fannar Jónasson

Liv Aase Skarstad